



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Fuglar ofan byggðar á Bíldudal

Unnið fyrir Vesturbyggð og Framkvæmdasýslu ríkisins

Böðvar Þórisson
Hafdís Sturlaugsdóttir

Desember 2014
NV nr. 17-14

Inngangur

Fyrirhugað er að byggja ofanflóðavarnir ofan byggðar á Bíldudal (Hrafnkell Már Stefánsson o.fl. 2014) og er framkvæmdin tilkynningarskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum (lög nr. 106/2000). Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum á fugla af framkvæmdinni.

Byggðir verða upp varnargarðar fyrir ofan byggðina á Bíldudal. Eftir að framkvæmdum er lokið þá verður svæðið grætt upp með sérstakri fræblöndu, svarðlagi af svæðinu og skógrækt (Landmótun 2013).

Athuganir hafa ekki verið gerðar áður á framkvæmdasvæðinu en fuglar hafa verið skráðir í Bíldudalsvogi vegna hugsanlegs fuglaskoðunarsvæðis (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2010).

Rannsóknarsvæðið

Athugunarsvæðið er á milli Stekkjargils og Búðargils og nær niður í byggðina. Svæðið einkennist af framburði úr giljum ofan byggðar og eru þessar aurkeilur gróðurlitlar. Helstu gróðurlendin sem verða fyrir áhrifum eru: mosagróður (35%), graslendi (25%) og skógrækt (22%) (Hafdís Sturlaugsdóttir 2014). Nánari upplýsingar um framkvæmdasvæðið má finna í skýrslu Verkísar (Hrafnkell Már Stefánsson o.fl. 2014).

Aðferðir

Það hafa ekki verið gerðar athuganir á varpfuglum fyrir ofan byggð á Bíldudal en við gróðurathugun þann 6. ágúst 2014 voru skráðir fuglar sem sáust. Gróður var athugaður á um 21 ha svæði (Hafdís Sturlaugsdóttir 2014). Lagt var mat á hvaða varptegundir eru á svæðinu út frá gróðurskýrslunni og öðrum heimildum um fugla við svipaðar aðstæður. Einnig eru til stopular athuganir Náttúrustofu Vestfjarða

Niðurstöður

Þann 6. ágúst 2014 sáust auðnutittlingar (*Acanthis flammea*), þúfutittlingar (*Anthus pratensis*) og skógarþrestir (*Turdus iliacus*) ofan byggðar. Það heyrðist í einum snjóttitlingi (*Plectrophenax nivalis*) syngjandi í Stekkjargili.

Upp í giljum og klettum geta verið hrafshreiður (laupar) og var sérstaklega horft eftir því í ágúst 2014 en ekkert fannst.

Enginn fugl á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) sást í athuguninni í ágúst 2014.

Umræður

Þúfutittlingur, skógarþrestur og auðnutittlingur eru líklega varpfuglar á svæðinu. Þúfutittlingur er líklega algengasti varpfuglinn á svæðinu eins og var undir Gleiðarhjalla á Ísafirði (Böðvar Þórisson 2011).

Steindepill (*Oenanthe oenanthe*) og hrossagaukur (*Gallinago gallinago*) er líklegir varpfuglar á svæðinu. Músarindill (*Troglodytes troglodytes*) er það væntanlega líka en það heyrðist í einum ofan Dalbrautar vorið 2010 (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2010). Maríuerla (*Motacilla alba*) gæti einnig orpið á svæðinu.

Grágæs (*Anser anser*) er á valista (yfirvofandi hætta, Náttúrufræðistofnun Íslands 2000) og verpur á Litlueyri við Bíldudal (Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson 2010). Búsvæðið ofan Bíldudal bendir ekki til að grágæs verpi þar né aðrar tegundir á valista.

Áhrif framkvæmda á fuglalíf

Áhrif framkvæmda á fuglalíf er fyrst og fremst á algengar tegundir og eru áhrifin tímabundin. Aðrar tegundir gætu komið inn tímabundið á meðan gróður er að taka við sér en t.d. í Bolungarvík hefur eitt sandlóupar orpið síðast liðin tvö sumur ofan varnargarðanna (Náttúrustofa Vestfjarða óbirt gögn) en sandlóa sást ekki þar í varpi fyrir framkvæmdir (Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson 2001).

Heimild

Böðvar Þórisson og Þorleifur Eiríksson. 2010. Athugun á hugsanlegum fuglaskoðunarstöðum á Vestfjörðum. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 18-10.

Böðvar Þórisson. 2011. Fuglar í Stóruð og nágrenni, undir Gleiðarhjalla á Ísafirði. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 18-11.

Hafsteinn H. Gunnarsson og Þorleifur Eiríksson. 2001. Fuglalíf í hlíðum Traðarhrynu Bolungarvík. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 3-01.

Hrafnkell Már Stefánsson, Kristín Martha Hákonardóttir, Pálmi Ragnar Palmason og Snorri Gíslson. 2014. Ofanflóðir í Vesturbyggð. Stekkjargil/Gilsbakkagil og Milligil á Bíldudal. Frumathugun. Verkís. Nr. 0060.

Hafdís Sturlaugsdóttir. 2012. Gróður ofan byggðar á Bíldudal. Unnið fyrir Vesturbyggð og Framkvæmdasýslu ríkisins. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 14-14.

Landmótun. 2013. Snjóflóðavarnir á Bíldudal. Frumathugun – mótvægisáðgerðir. Tillaga að skipulagi. Landmótun.

Náttúrufræðistofnun Íslands. 2000. Valisti 2: fuglar. Náttúrufræðistofnun Íslands.